Kópavogur
18. júní 2024

Umsögn um skipulagslýsingu rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Inngangur

Umsögn þessi er frá Siglingafélaginu Ými sem er íþróttafélag innan UMSK og ÍSÍ. Siglingaklúbburinn Kópanes er starfræktur af Kópavogsbæ og deilir húsnæði með Siglingafélaginu Ými. Kópanes hefur verið með frístundastarf á meðan Siglingafélagið Ýmir er íþróttafélag sem heldur æfingar og tekur þátt í keppnum og er með félagsstarf. Mikilvægt er að blanda þessu tvennu ekki saman í skipulagsvinnunni. Þó vissulega þurfi að taka tillit til beggja.

Umsögn þessi er eingöngu rituð í nafni Siglingafélagsins Ýmis.

Félagshúsið að Naustavör 14

Núverandi staðsetning Siglingafélagsins Ýmis er að Naustavör 14. Er það hús skilgreint sem íþróttamannvirki. Höfnin er kölluð Ýmishöfn eftir Siglingafélaginu eða Fossvogshöfn.

H-2 /(ÍÞ-1)	Fossvogshöfn / Ýmishöfn	Smábátahöfn við Fossvog og bryggjuhverfið þar sem Siglingafélagið Ýmir er með aðstöðu. Athuga þarf að Fossvogshöfn/Ýmishöfn verður fyrir áhrifum af nýrri brú yfir Fossvog en þar undir munu bátar með segl og háreistir bátar ekki geta farið undir. Fossvogshöfn/ Ýmishöfn verði Bláfánahöfn, þ.e. umhverfisvottuð. Svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði fyrir siglingaíþróttir. Stærð svæðis um 1,0 ha.

Mynd 1: Skjáskot úr Greinargerð fyrir Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 kafla 5 blaðsíða 124.

Á blaðsíðu 30 í skiplagslýsingunni er notast við mynd úr Aðalskipulagi Kópavogs. Ef mynd 32 er skoðuð þá sést að þar er merkt H-2/ÍÞ-1 við Ýmishöfn. H-2 segir til um að þetta sé höfn og ÍÞ-1 að þar er íþróttamannvirki.

Texti undir mynd 32 er því misvísandi þar sem ekki eru taldir upp allir þeir landnotkunarflokkar sem eru á svæðinu samkvæmt aðalskipulagi og sjást á myndinni. Líklegast er það vegna þess að bryggjuhverfið var ekki í upphaflega partur af skipulags lýsingunni heldur bætt við síðar.

Íþróttamannvirki


Athygli vekur að húsnæði Ýmis við Naustavör 14 er ekki merkt inn á kort sem íþróttamannvirki jafnvel þótt það sé þannig í aðalskipulagi. Sjá mynd 24 í Skipulagslýsingu er aðeins merkt inn íþróttahús við Kársnesskóla.

Ef mynd 32 er skoðuð þá sést að þar er merkt ÍÞ-1 við Ýmishöfn þar sem þar er íþróttamannvirki.

Texti undir mynd 32 er misvísandi þar sem ekki eru taldir upp allir þeir landnotkunarflokkar sem eru á svæðinu samkvæmt aðalskipulagi og sjást á myndinni. Líklegast er það vegna þess að bryggjuhverfið var ekki upphaflega inn í þessum skipulags pakka.

Bátasvæði

Bátasvæðið, austan við félagshúsið, hefur einstaka sinnum verið ranglega skilgreint sem bílastæði í sumum skipulagsgögnum. Þetta er svæði Siglingafélagsins til að geyma báta á landi sem notaðir eru við æfingar og keppni. Svæði er girt af svo bílar geti ekki farið inn á það. Óskum við eftir að þetta verði haft í huga í skipulagsvinnunni.




Mynd 2: Loftmynd tekin af Kortasjá Kópavogsbæjar. Bátasvæði merkt með grænu, Bíalstæði við vesturenda húss merkt með rauðu og tímabundið bílastæði á malarplani merkt með gulu.

Bílastæði

Salur félagsins tekur 50 manns í sæti. Ekki er sérstakt bílastæði við húsið. Vestan við Ými eru 4 venjuleg bílastæði og tvö stæði fyrir fatlaða. Þessi bílastæði eru ekki merkt sérstaklega sem bílastæði (nema þau tvö sem merkt eru með hjólastól) og því óvissa hvort þetta séu í raun og veru bílastæði. Veldur þetta oft ruglingi hjá bæði þeim sem eru að leita af bílastæði svo og þeim bílum sem keyra um götuna.

Þau bílastæði sem teiknuð eru í götunni suðvestur af Ými í Deiliskipulagi hafa aldrei verið gerð. Í staðin hefur verið notast við tímabundið bílastæði á malarplani.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



Mynd 3: bílastæði suðvestur af Naustavör 14. Merkt með gulu eru 5 stæði og merkt með bláu eru 22 stæði.

Samkvæmt deiliskipulagi eru bílastæði í götunni ætluð almenningi. Mikilvægt er að næg bílastæði séu fyrir starfsfólk Ýmis, foreldra barna sem koma með þau og sækja á æfingar og námskeið hjá Ými og fyrir aðra félagsmenn Ýmis sem sækja ýmiskonar æfingar og uppákomur.

Óljóst er hvort að þau 22 almennings bílastæði sem áætluð voru verði nokkurn tíma útbúin endar er nú hár veggur sem er partur af undirgöngum og hjólastígur á þeim stað sem þessi 22 bílastæði eru teiknuð á deiliskipulag.

Óskum við eftir því að þetta verði haft í huga í skipulags vinnunni.

Brúin

Eins og segir í Aðalskiplagi þá mun tilkoma brúarinnar hafa mikil áhrif á starfsemi Siglingafélagsins Ýmis. Orðrétt segir “Athuga þarf að Fossvogshöfn/Ýmishöfn verður fyrir áhrifum af nýrri brú yfir Fossvog en þar undir munu bátar með segl og háreistir bátar ekki geta farið undir”.


Til að koma til móts við það hefur verið áætlað að Ýmir fái nýja aðstöðu við Kópavogshöfn fyrir þann hluta starfseminnar sem ekki getur lengur verið í Fossvogi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Áhrifa á æfingar og félagsstarf

Brúin mun skera æfinga- og keppnissvæði Ýmis í tvennt.
Barna- og byrjendastarf mun enn geta verið við Naustavör enda er Fossvogurinn mjög gott svæði fyrir það starf og hefur verið uppeldissvæði siglingafólks á Íslandi um langa tíð.

En æfingar fyrir færari iðkendur á kænum þá mun æfingasvæði þeirra skerðast. Þetta á t.d. við um þá íþróttamenn sem æfa og keppa reglulega fyrir hönd félagsins. Hættulegt er að fara undir brúnna til að komast út í Skerjafjörðinn. Skerjafjörðurinn er svæði sem reyndari iðkendur nota mikið.



Mynd 4: æfinga- og keppnissvæði Ýmis í Fossvogi. Tekið úr námsefni Ýmis fyrir siglingar. Svæði V er Skerjafjörður en svæðið sem nýtt er þar er mun stærra. Myndin var gerð til að skilgreina mismunandi vind á mismunandi æfinga- og keppnis svæðum Ýmis.

Kænu æfingar hjá þeim sem reyndari eru þarf því að flytjast úr Fossvoginum og yfir í Kópavogshöfn.

Með tilkomu brúar yfir Fossvoginn munu samgöngur á sjó inn í Fossvoginn skerðast. Seglskútur sem áður gátu siglt inn í Fossvog og legið við bryggju við Naustavör munu ekki komast undir brúnna. Að jafnaði hafa 15 seglskútur verið með vetursetur á bátasvæði Ýmis, en þegar brúin kemur yfir Fossvog munu þessar skútur ekki komast þangað lengur.

Eins og áður segir þá munu kjölbátar ekki komast undir brúnna. Því mun allt kjölbátastarf félagsins þurfa að flytjast úr Fossvoginum og yfir í Kópavogshöfn.

Áætlað er að um 50% af starfseminni Ýmis muni þurfa að flytjast yfir í Kópavogshöfn.

Nýtt félagssvæði Ýmis við Kópavogshöfn

Félagið fagnar því að í helstu tillögum að svæðinu er gert ráð fyrir nýrri félagsaðstöðu Ýmis við Kópavogshöfn.

Í gögnum Spot On Kársnes er hús sett inn fyrir siglingafélagið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



Mynd 5: Skjáskot úr bæklingi Spot On Kársnes sem sýnir nýja byggingu siglingafélagsins Ýmis merkta sem Sailing Club.

Á vefnum https://karsnes.is/ er hús Siglingafélagsins einnig teiknað inn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026




Mynd x: Mynd tekin af vefnum https://karsnes.is/ og sýnir nýtt hús siglingafélagsins við Kópavogshöfn.

Fagnar Siglingafélagið Ýmir þessum tillögum. Þó er vitað núna að ekki verður gerð brú yfir á Álftanes núna og að sá partur af höfninni sem snýr í suður í átt að Kópavogi getur ekki verið líkt og þessar tillögur gera ráð fyrir út af veðri og vindum.

Á kynningarfundi með íbúum sem haldinn var 23. maí 2024 var yfirgnæfandi að íbúar vilja fá fallega og lifandi höfn í Kópavogshöfn. Teljum við hjá Siglingafélaginu Ými að nýtt húsnæði félagsins við Kópavogshöfn og annað félagssvæði þar muni hafa mikil áhrif á að gera það að veruleika.

Á núverandi deiliskipulagi frá 1990 er “klúbbhús” og flotbryggjur teiknaðar inn fyrir miðri höfn. Margt hefur þó gerst síðan þá og er Kópavogshöfn/Kársneshöfn og svæðið þar í kring ólíkt því sem teiknað er þar inn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



Mynd 6: Á núverandi deiliskipulagi er "Klúbbhús" og flotbryggjur fyrir félagsstarfsemi Ýmis fyrir miðri höfn.

Félagið gerir ekki kröfu á að ný aðstaða félagsins verið nákvæmlega á þessum stað í höfninni. Meira máli skiptir að aðstaðan sé staðsett þannig að tekið sé tillit til þeirra þarfa sem félagið hefur og að öryggi iðkenda og annara sé haft í huga varðandi staðsetningu starfseminnar.

Geðprýðishöfn, útivistarhöfn eða ferðaþjónustuhöfn?

Í núverandi aðalskipulagi er talað um Smábátahöfn (geðprýðishöfn) og fiskihöfn.

Tafla 5-2. Yfirlit yfir hafnarsvæði.

Nr	Heiti	Lýsing
H-1 (ÞR-1)	Kópavogshöfn	Smábátahöfn (geðprýðishöfn) og fiskihöfn. Stærð svæðis er um 4 ha. Núverandi hafnarmannvirki verða áfram til staðar. Með uppbyggingu blandaðrar byggðar er stefnt að því að byggja íbúðarsvæði (blandaða byggð samanber ÞR-1) við höfnina og glæða svæðið þannig meira lífi. Uppbygging er þegar hafin á þróunarsvæði á Kársnesi. Möguleiki er á ferðatengdri þjónustu frá höfninni. Mikilvægt er að huga vel að göngu- og hjólatengingum sem og bílaumferð, bílastæðum og aðgerðum til að draga úr umferðarhraða. Gert er ráð fyrir nýjum viðlegukanti til suðurs í suðurhluta hafnarinnar. Gera má ráð byggingum á/við höfnina. Vinna þarf deiliskipulag af svæðinu og meta umhverfisáhrif. Hugmyndir hafa verið settar fram um möguleika á „8 íbúðum í húsbátum" í nýrri smábátahöfn. Bent er á að ef viðlegukantur er gerður úr opinni landfyllingu þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar til varps í hafið í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Kópavogshöfn verði Bláfánahöfn, þ.e. umhverfisvottuð. Á þróunarsvæðinu ÞR-1 er, m.a. gert er ráð fyrir íbúðum og atvinnustarfsemi svo sem verslun og þjónustu o.fl. Einnig er gert ráð fyrir möguleika á safni, stofnun/menningarstarfsemi síðar við hlið hafnarinnar (vestan megin). Sjá einnig umfjöllun í kafla 2.2 um þróunarsvæði.

Mynd 7: Tekið úr kafla 5 núgildandi aðalskipulags bls. 124.

Á blaðsíðu 5 í Skipulagslýsingunni er talað um útivistarhöfn undir lið 7 – Aðdráttarafl.

Á blaðsíðu 31 er talað um að „Höfnin verði útivistarhöfn (geðprýðishöfn), fiskihöfn og höfn fyrir ferðatengda þjónustu. Við vesturhluta hafnarinnar gæti komið safn/stofnun/menningarstarfsemi og/eða önnur verslunar- eða þjónustustarfsemi".

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Á samráðsfundi var eingöngu talað um að höfnin ætti að verða ferðaþjónustuhöfn. Er þarna mikið misræmi milli þess sem skrifað er og þess sem kynnt er fyrir íbúum. Mikilvægt er að fá úr því skorið hver stefnan á að vera í hafnarmálum. Á hún bara að vera ferðaþjónustuhöfn eða verður önnur starfsemi einnig velkomin þar?

Þar sem íþróttafélagið Ýmir þarf að flytja yfir helming af starfsemi sinni yfir í Kópavogshöfn þá þarf að passa upp á það í skipulaginu að ekki skapist hætta fyrir börn og fullorðna sem æfa sjávaríþróttir hjá Ými og aðra félagsmenn sem taka þátt í almenningsíþróttum svo sem yndissiglingum, róðri á kajökum eða öðrum bátum og/eða annarri sjávar tengdri útivist.

Hægt er að vera með allskonar starfsemi við höfnina hlið við hlið en kannski ekki ofan í hvort öðru. Það gæti skapað hættu og öryggismál verða að vera í forgangi. Verstu slysin verða ef barn lendir í skrúfu vélbáts.

Í aðalskipulagi er hugmynd um íbúðir í húsbátum við höfnina. Ef það verður að veruleika er mikilvægt er að sú byggð verði ekki á sömu bryggju og íþróttastarf Ýmis.

Merkja þarf í skipulagi að nýtt húsnæði Ýmis sé íþróttamannvirki og að svæðið sé íþróttasvæði og hafnarsvæði. Í núverandi aðalskiplagi er stór hluti við höfnina merktur sem íbúðabyggð.

Við uppbyggingu á ferðamannahöfn svo sem móttöku og þjónustu við erlendar skútur geta orðið ýmis samlegðar áhrif við Siglingafélagið. Til dæmis væri hægt er að nýta saman krana við höfn til að hífa upp báta sem þurfa að komast í viðhald. Þjónusta vegna viðhalds á bátum og verslun með bátum mun einning nýtast báðum. Ef vel er staðið að móttöku erlenda skúta við höfnina munu allir hagnast á nærverunni.


Nærvera við Hjálparsveit skáta og Björgunarsveitir er líka ákjósanleg. Siglingafélagið Ýmir og skátarnir eru nú þegar í smá samstarfi og mundi það samstarf líkegast aukast. Þó þarf að passa að þegar útkall er að björgunarsveitir komist greiðlega úr höfninni og að iðkendur Ýmis séu ekki í vegi fyrir þeim svo að hætta skapist ekki.

Í núverandi deiliskipulagi fyrir svæðið í kringum Ýmishöfn þá er heimild fyrir rekstur og þjónustu á fyrstu hæð húsana við höfnina. Það varð þó ekki að veruleika og eru húsin þar eingöngu íbúðarhús. Lífleg höfn verður ekki búin til eingöngu með íbúðarhúsum heldur þarf hluti eins og siglingafélag og aðra starfsemi við höfnina.

Kajak klúbbur við norðurströnd

Í Spot on Kársnes var Kajak klúbbur staðsettur við norðurströndina. Inna Siglingafélagsins Ýmis er kajak starf og á félagið þónokkra kajaka sem notaðir eru á námskeiðum og af félagsmönnum og svo eru félagsmenn einnig með eigin kajaka í starfi á vegum félagsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



Mynd 8: Skjáskot tekið úr bæklingi Spot On Kársnes.

Hvort þessi hugmynd verði að veruleika er óvíst, en ef það verður þá er mikilvægt að hugsa um það að fyrir sér kajak klúbb þá þarf búnings- og félagsaðstöðu svo og geymslu fyrir bátana. Einnig þarf bílastæði fyrir félagsmenn.

Eins og er reiknum við með að kajak starfið verði bæði við Ýmishöfn/Fossvogshöfn og við Kópavogshöfn/Kársneshöfn en mögulega er vissir kostir að setja upp sér aðstöðu þarna mitt á milli. Samtal við þá sem nýta svæðið á kajökum er því mikilvægt til að finna bestu lausnina fyrir þann hóp. Siglingafélagið Ýmir getur aðstoðað við þá vinnu.

Þarfagreining og samráð

Mikilvægt er að þeir sem sjá um skipulag og hönnun fyrir Kópavogshön greini þarfir allra þeirra sem munu hafa þar aðsetur.

Ýmir býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á því hvernig best væri að haga málum fyrir félagið. Ýmir er til í að aðstoða þá sem sjá munu um skipulag og hönnun á nýrri aðstöðu félagsins. Núverandi aðstaða Ýmis við Naustavör er mjög góð en við höfum lært ýmislegt á þeim árum sem félagið hefur verið þar og erum með margar hugmyndir um hvernig væri hægt að gera hlutina enn betur í Kópavogshöfn.

Mikilvægt er að hraða skipulags- og hönnunar vinnu þar sem **ný aðstaða fyrir íþróttaiðkun Siglingafélagsins Ýmis þarf að vera komin í gagnið áður en hafist er handa við að byggja brúnna yfir Fossvoginn**, svo rof komi ekki í starfsemi félagsins og æfingar félagsmanna.

Þarfir Ýmis eru meðal annars:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Félagshús:
    - Kennslustofa
    - Félagsaðstaða
    - Starfsmanna- og skrifstofu aðstaða
    - Búningsaðstaða
- Bátahús þar sem hæg er að vinna að viðhaldi á bátum
- Læst flotbryggja fyrir öryggisbáta og aðra báta félagsins og félaga
- Afgirt bátaplan (minni bátar eru teknir á land eftir notkun og geymdir á landi)
- Rampur til að sjósetja báta
- Krani til að hífa upp stærri báta (sjá dæmi frá erlendum höfnum siglingafélaga og mynd hér að neðan úr kynningarmyndbandi fyrir nýja Flensborgarhöfn í Hanarfirði)
- Uppsátur fyrir vetrargeymslu fyrir að minnsta kosti 15 kjölbáta
- Bílastæði fyrir starfsmenn og félagsmenn



Mynd 9: Skjáskot úr kynningarmyndbandi fyrir nýtt skipulag Flensborgarhafnar í Hafnarfirði og sýnir krana við félagsaðstöðu Siglingaklúbbsins Þyts.

Með von um ánægjulegt samstarf.

Helga Rakel Guðrúnardóttir
Formaður Siglingafélagsins Ýmis

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026